

HELGA KRESS

„Það er ekki ljósunum að því lýst“

*Um leikrit Sigríðar Bogadóttur,
Gleðilegur afmælisdagur, fyrsta Reykjavíkurleikritið
og elsta leikrit sem varðveist hefur
eftir íslenska konu*

Leikrit þetta er enn til.¹

TVÆR konur á 19. öld urðu brautryðjendur í íslenskri leikritagerð, hvor á sínu sviði, án þess þó að eftir því væri tekið. Leikrit Júlíönu Jónsdóttur (1838–1917), *Víg Kjartans Ólafssonar*, sem sett var á svið í Stykkishólmi veturinn 1878–1879, er fyrsta íslenska leikritið sem byggt er á efni úr Íslendingasögu, og lék Júlíana sjálf aðalhlutverkið, Guðrúnu Ósvífursdóttur. Þetta leikrit var til skamms tíma aðeins til í handriti, varðveittu á handritadeild Landsbókasafns, en var fyrir rúmum tíu árum gefið út ásamt fræðilegum inngangi um upphaf leikritunar íslenskra kvenna (Helga Kress 2001). Þar var leikrit Júlíönu talið elsta leikrit sem varðveist hefði eftir íslenska konu. Nú hefur annað leikrit eftir íslenska konu frá svipuðum tíma komið í ljós, leikrit Sigríðar Bogadóttur (1818–1903), „Gleðilegur afmælisdagur“, sennilega nokkru eldra. Í ævisögu eiginmanns hennar, Péturs Péturssonar biskups, frá 1908, vísar Þorvaldur Thoroddsen, tengdasonur þeirra, að Sigríði í síðasta kafla ritsins og segir:

Frú Sigríður var vel hagamælt, en tók lítið á því, hún skrifaði þó langt leikrit með siðferðislegri stefnu og eru í því mörg kvæði; leikrit þetta er enn til. (Þorvaldur Thoroddsen 1908: 276)

Þetta var lengi eina heimildin um leikrit Sigríðar. Þorvaldur nefnir ekki titil þess og hann tímasetur það, því miður, ekki heldur. Í leiklistarsögunni hefur það verið talið glatað. Í riti sínu um upphaf leik-

1 Þorvaldur Thoroddsen 1908: 276.

ritunar á Íslandi vitnar Steingrímur J. Þorsteinsson í ummæli Þorvalds. Hann telur leikrit Sigríðar annað elsta leikrit alvarlegs efnis á íslensku. Dregur hann þá ályktun af orðum Þorvalds um siðferðislega stefnu þess, en leiðir að öðru leyti hjá sér tímasetningu þess og varðveislunni (Steingrímur J. Þorsteinsson 1943: 82–83). Þá vitnar Lárus Sigurbjörnsson einnig í ummæli Þorvalds í skrá sinni yfir íslensk leikrit 1645–1946 og segir án þess að athuga það nánar: „Leikritið var enn til 1908, þegar æfisagan var rituð“ (Lárus Sigurbjörnsson 1946: 68). Enn vitnar Sveinn Einarsson í ummæli Þorvalds um leikrit Sigríðar í leiklistarsögu sinni. Hann telur hugsanlegt að það sé eldra en leikrit Júlíönu þótt erfitt muni að sanna það. „Þetta leikrit hefur ekki komið í leitirnar,“ segir hann eins og eftir því hafi verið leitað (Sveinn Einarsson 1991: 338). Leikritið var þó allan tímann á vísun stað, meðal gagna í minjasafni þeirra Þorvalds Thoroddsen (1855–1921) og Þóru Pétursdóttur Thoroddsen (1848–1917) á Þjóðminjasafni Íslands (*Þjms* Þ og ÞTh 288 a, b, c). Um það hefur að minnsta kosti Páll Baldvin Baldvinsson vitað því að hann nefnir það með nafni undir færslunni „Vaudeville“ í uppflëttiritinu *Hugtök og heiti í bókmenntafræði* frá 1983, en án þess að geta heimildar.²

Minjasafn þeirra Þorvalds og Þóru var afhent Þjóðminjasafninu í áföngum á tímabilinu 1921–1926. Samkvæmt ýtarlegri skrá Matthíasar Þórðarsonar, þáverandi þjóðminjavarðar, fékk hann handrit að leikritinu, ásamt öðrum gögnum, frá Boga Melsteð þegar hann var á ferð í Kaupmannahöfn árið 1923. Það er augljóslega afskrift af eldra handriti, væntanlega eiginhandarriti, sem hefur við afskriftina verið fargað. Leikritið er mjög langt, alls 245 blaðsíður í þremur línustrikuðum stílabókum, og ber nafnið „Gleðilegur afmælisdagur“.³ Við safnmarkið í skránni er því lýst svo:

2 Páll Baldvin Baldvinsson 1983: 296. „Vaudeville“, úr fr. „voix de villes“, raddir þorþanna, er heiti á leiksýningum með söngvum, eins og t.a.m. „Ævintýri á gönguför“ eftir Hostrup. Íslensk dæmi sem nefna má eru „Útilegumennirnir“ eftir Matthías Jochumsson, frumsýndir í Gildaskálanum í Reykjavík 1862, og „Nýársnóttin“ eftir Indriða Einarsson, frumsýnd á Langalofiti Lærða skólans í Reykjavík á jölunum 1871.

3 Ég þakka Ingu Láru Baldvinssdóttur, safnverði myndasafns á Þjóðminjasafni Íslands, fyrir að finna fyrir mig leikritið í gögnum þeirra Þorvalds og Þóru og útvega mér ljósrit af því. Einnig þakka ég Hrafnhildi Schram, listfræðingi, fyrir að

Leikrit íslenskt, sem heitir „Gleðilegur afmælisdagur,“ skrifað, er í 3 bókum í 4to. Það er í 3 „flokkum“ (þáttum). Gerist í Reykjavík. Höfundur ekki tilgreindur.

Af stílabókunum má ráða að afskriftin er frá því um aldamótin 1900,⁴ sennilega gerð í Kaupmannahöfn af Þóru Thoroddsen eftir eiginhandarriti móðurinnar. Skriftin er skýr og læsileg, sú sama og á stuttum leikþætti eftir Þóru sjálfa, skrifuðum í Reykjavík nokkrum árum áður.⁵ Ofan í skriftina hafa á stöku stað verið krotaðar viðbætur og/eða leiðréttingar með skjálfandi rithendi höfundarins sjálfs á níræðisaldri.

Allt sem hún hafði plantað

Sigríður Bogadóttir var fædd á Staðarfelli á Fellsströnd 22. ágúst 1818, dóttir Boga Benediktssonar, fræðimanns, og Jarðþrúðar Jónsdóttur konu hans. Átján ára gömul sigldi hún til Kaupmannahafnar sér til menntunar, en litlar heimildir eru til um það. Árið 1841 giftist hún Péttri Péturssyni, ekkjumanni og tíu árum eldri en hún, sem þá var prófastur á Staðastað á Snæfellsnesi. Árið 1848 fluttist hún með manni sínum til Reykjavíkur, þegar hann varð forstöðumaður Prestaskólans, með prófessorsnafnbót. Árið 1866 var hann vígður biskup og hélt því starfi til ársins 1889. Pétur var einnig konungskjörinn alþingismaður og fékkst mjög við ritstörf, einkum hugvekja og guðsorðabóka, auk þess sem hann skrifaði kirkjusögu á latínu.⁶

benda mér á arfleðsluskrána þar sem leikritið er samviskusamlega skráð, og Lilju Árnadóttur, sérfræðingi á Þjóðminjasafni Íslands, fyrir aðstoð og ábendingar.

4 Stílabækurnar eru enskar, með vörumerkinu „Paragon exercise book“, með kápu-myndum í art nouveau-stíl (Jugendstil) sem var vinsæll á tímabilinu 1890–1910. Þær eru sams konar og skoski rithöfundurinn Arthur Conan Doyle skrifaði í sumar af sögum sínum um Sherlock Holmes um aldamótin 1900. Einnig eru nokkrar slíkar stílabækur til á handritadeild Landsbókasafns frá sama tíma. Ég þakka Ragnhildi Bragadóttur, sagnfræðingi, og Sigríði Hjördísi Jörundsdóttur á handritadeild Landsbókasafns fyrir þessar ágætu ábendingar.

5 Þjms Þ og ÞTh 287. Þetta er gamanþáttur, 14 blaðsíður í vasabókarbroti, með yfirskriftinni „Fröken Skagalín“, dagsettur á „afmæli klúbbsins“, 28. febrúar 1891.

6 Sbr. ritaskrá Péturs í Þorvaldur Thoroddsen 1908: 315–322. Í endurminningum sínum, *Sjød og lifað*, segir Indriði Einarsson (1936: 71) að árið 1865 hafi Pétur Pétursson verið á leið með að verða „vítunnasti höfundur á landinu“.

Hann varð brátt einn ríkasti embættismaður landsins, en árið 1868–69 hafði biskup 2800 ríkisdali í árslaun auk húsaleigubóta og kostnaðar við skrifstofuhald. Til viðmiðunar hafði rektor Lærða skólans 2000 ríkisdali í árslaun, kennarar Lærða skólans 800–900 ríkisdali, landlæknir 1400 ríkisdali, tveir lögregluþjónar í Reykjavík 150 ríkisdali í árslaun hvor, meðan tvær ljósmæður á sama stað fengu 50 ríkisdali hvor.⁷ Á sama tíma voru meðalárslaun vinnukvenna 12 ríkisdalir.⁸ Í þessu sambandi má geta þess að Sigríður Bogadóttir fékk við giftingu sína 1000 ríkisdali í heimanmund (Þorvaldur Thoroddsen 1908: 33).

Í Reykjavík áttu þau Sigríður og Pétur heima í tvílyftu timburhúsi við Austurstræti 16, þar sem síðar var Reykjavíkurapótek. Þau eignuðust sex börn. Af þeim komust þrjú til fullorðinsára, Elinborg (1841–1925), sem giftist Bergi Thorberg, amtmanni og síðar landshöfðingja, Þóra (1848–1917), sem giftist Þorvaldi Thoroddsen, landfræðingi, og Bogi Pétur (1849–1889), læknir.

Þorvaldur Thoroddsen lýsir Sigríði svo að hún hafi verið „hin mesta búsyðslukona og sístarfandi utanhúss og innan“, og heimilið fyrirmynd hvað verknað snerti og hússtjórn. Hafi því oft verið sóst eftir að koma þangað stúlkum til kennslu, en færri fengið en vildu. Dæturnar hafi hún látið læra „allt sem hússtjórn snerti, eigi að eins sauma og hannyrðir, almenna bóklega menntun, tungumál og hljóðfæraslátt, heldur hjelt hún þeim líka til lærdóms í allri tóvinnu og matargjörð og ljet þær fást við hvert það verk, sem á heimili er títt og búið þarf“ (Þorvaldur Thoroddsen 1908: 274). Þá var hún „ráðdeildarsöm í stóru og smáu og vildi ekki, að neitt spilltist eða eyddist að óþörfu“, en um leið „störgjöful“ og rausnarleg „og hinn mesti bjargvættur margra fátækra“ (Þorvaldur Thoroddsen 1908: 275). Um gjafir hennar hafi þó fáir fengið að vita aðrir en þeir sem

7 *Skýrslur um landsbagi á Íslandi* 1870: 460–462. Í einum ríkisdal voru 6 mörk og 96 skildingar. Árið 1875 tók krónan við sem gjaldmiðill.

8 *Hagskinna* 1997: 607. Þar er ríkisdalur reyndar umreiknaður í krónur (gkr), en ein króna jafngilti hálfum ríkisdal. Árið 1880 voru árslaun „fullgildra vinnustúlkna“ 30 til 50 krónur, sbr. „Styrktarsjóður handa vinnukonum“ (*Þjóðólfur* 1880: 66). Sjá einnig Klemens Jónsson 1927: 68: „Vinnukonukaupið var þá 35 krónur árlega, auk einhverra fata, eftir nánari samningi, og vinnumannskaupið helmingi hærri, eða vel það.“

fyrir urðu og hafi góðgerðastarfsemi hennar, sem og einnig Péturs biskups, farið fram í kyrrþey. Þá segir Þorvaldur að Sigríður hafi verið „síðavönd mjög og stundum berorð um það, sem henni þótti miður fara“, hafi hún ekki gert sér neinn mannamun en sagt skoðanir sínar afdráttarlaust, hverjum sem í hlut átti.⁹

En frú Sigríður skrifaði ekki aðeins leikrit, heldur var hún „ein hin fyrsta kona í Reykjavík, sem verulega ljét sjer annt um blómraekt utanhúss [...] og var garður hennar fyrirmynd, sem margir komu að sjá“.¹⁰ Reynitrén tvö, sem stóðu við húsið, segir Þorvaldur, hafði hún fengið smáplöntur úr Hafnarfjarðarhrauni og plantað þeim sjálf. Einnig hafði hún fengið eyrarrós norðan úr landi sem flestar aðrar eyrarrósir í Reykjavík voru komnar frá, og blóm frá Englandi og Danmörku. Flest þetta dafnaði vel, „því frú Sigríður elskaði blómin sín“ (Þorvaldur Thoroddsen 1908: 276). Um garðinn fór svipað og leikritið, sem þó má segja að hafi lifað af, og Þorvaldur ritar: „Eptir að frú Sigríður flutti sig úr Reykjavík var eðlilega, eins og venja er á Íslandi, á fáum árum búið að skemma og eyðileggja allt, er hún hafði plantað.“¹¹

9 Þorvaldur Thoroddsen 1908: 275. Þetta afdráttarleysi biskupsfrúarinnar sem lá ekki á skoðunum sínum kann að vera skýringin á ummælum Jóns biskups Helgasonar (1941: 154) í síðasta kafla endurminninga sinna, þar sem hann fjallar um reykviskar konur: „... biskupsfrú Sigríður Bogadóttir [...] var merk kona og mikilhæf og sómdí sér hið bezta við hlið síns ágæta eiginmanns, dr. Péturs biskups, þótt hún að ýmsu leyti þætti einkennileg í háttum og í mörgu öðruvísi en fólk er flest.“

10 Þorvaldur Thoroddsen 1908: 276. Á sömu blaðsíðu er ljósmynd af öðru reynitrénu upp við bakhlið hússins. Það kemur því miður hvergi fram hvenær myndin er tekin. Húsið stóð enn árið 1908 þegar bók Þorvalds kom út, en brann í brunanum mikla í Reykjavík í apríl 1915, sbr. *Ísafold* 29. apríl 1915: 1–2.

11 Þorvaldur Thoroddsen 1908: 276–277. Svipaðri tilfinningu lýsir Benedikt Gröndal í „Ferðasögu heimanað til Halldórs Þórðarsonar“, ritaðri um aldamótin 1900. Segir hann þar frá gönguferð sem hann fer snemma morguns frá heimili sínu við Vesturgötu og upp í Þingholt. Hann kemur að „gamla húsinu, þar sem Pjetur biskup sat, en nú er orðið að Ensku versluninni, og allir blómareitir biskupsfrúarinnar orðnir að stakkstæði fyrir vörukassa og saltketstunnur eða kol, enda eru þetta ekki litlar framfarir, svona á það að vera, hugsaði jeg, svona á alt Ísland að vera, steingólf fyrir kol handa gufuskipunum, sem bráðum eiga að koma inn á hverja vík og að hverju koti, þegar járnbrautir eru komnar um alt landið og alt er þakið steinkolum til að kynda í hinum stórkostlegu samgöngumeðöllum framfaraberserkjanna“ (Benedikt Gröndal 1932: 119–120). Þannig sprettur úr blóma-

Eftir lát Péturs biskups, 15. maí 1891, fluttist Sigríður til Kaupmannahafnar til dóttur sinnar Elinborgar, sem þá var orðin ekkja. Fór hún með póstskipinu Lauru aðfararnótt 14. maí 1892, „alfarin hédan“, eins og það er orðað í *Þjóðólfi* (1892: 94) nokkrum dögum síðar. Árið 1896 fluttust þangað einnig dóttirin Þóra og tengdasonurinn Þorvaldur Thoroddsen ásamt dóttur sinni, Sigríði, barni að aldri. Sigríður Bogadóttir lést 10. mars 1903, tæpum mánuði á undan Sigríði litlu, nöfnu sinni. Hún var grafin í Solbjerg kirkjugarði, nálægt þeim stað þar sem hún hafði átt heima á Friðriksbergi, og er leiði hennar týnt. Legstaður biskupsins, mannsins hennar, er hins vegar í Reykjavík, Hólavallagarði, með veglegum bautasteini sem stendur enn.¹²

Kómedíurnar

Heimili þeirra Sigríðar og Péturs biskups við Austurstræti var mjög gestkvæmt. Þar voru haldnar veislur, farið í leiki, spilað á hljóðfæri og mikið við haft, m.a. í klæðnaði.¹³ Í bréfi, dagsettu í Reykjavík

garði biskupsfrúarinnar, umbreyttum í steypugólf og stakkstæði, írónísk frásögn hans um framfarir í Reykjavík.

- 12 Um viðhafnarmikla greftrun Péturs biskups 3. júní 1891 og bautasteinininn yfir honum, með latneskri áletrun og teiknaðan af dótturinni Þóru, sjá Þorvaldur Thoroddsen 1908: 288–291. Í sama riti riti kvartar Þorvaldur undan fálæti íslenskra blaða sem höfðu ekki minnst biskupsfrúarinnar sem skyldi. Hann segir: „Þegar Sigríður biskupsfrú dó var hennar að eins lauslega getið í íslenskum blöðum; þar sjást þó annars stöðugt íburðarmiklar lofgreinar um æfi manna og kvenna, sem að eins örfáir þekkja, en líklega eru þær greinar borgaðar sem auglýsingar“ (Þorvaldur Thoroddsen 1908: 274nm). Andláts hennar var þó getið í flestum blöðum landsins ásamt stuttu æviágripi og nokkrum vel völdum lýsingarorðum í lokin. Þannig segir *Þjóðólfi* (3. apríl 1903: 55): „Hún var merk kona á margan hátt, skyldurækin, þrekmikil, stjórnsöm og forsjál.“ Þá segir *Þjóðviljinn* (11. apríl 1903: 68): „Frú Sigríður var einkar trygglynd kona, hjálpfús við fátæka, og yfir höfuð mesta merkiskona.“ Undir þetta tekur *Ísafold* (18. apríl 1903: 75): „Frú Sigríður var kona vel að sér ger á marga lund, einkar trygglynd og vinföst, hispurslaus og hreinskilin, hjartagóð og hjálpfús við bágstadda.“ Tæpu ári eftir lát hennar birtist svo á forsíðu *Þjóðólfs* (1904: 29) langt erfiljóð í hefðbundnum stíl eftir Matthías Jochumsson, endurprentað í riti Þorvalds (1908: 346–349).
- 13 Um heimilislífið hjá Pétri biskupi segir Þorvaldur Thoroddsen að það hafi liðið fram „með stillingum og ró“ eins og á heimilum annarra embættismanna í Reykja-

24. mars 1871, þakkar Marta Stephensen vinkonu sinni í Bretlandi fyrir svuntu, sem hún hafði sent henni, og lýsir um leið heimboði til biskups: „... svuntan kom sjer vel því jeg hafði hana í vetur, þegar að jeg hafði mest við; á gamla árs kvöld hjá Jónasen og einu sinni eitt sunnudags kvöld hjá biskupi, þá var jeg boðin með fleira góðu fólki til að fara í jóllaleiki og láta öllum illum látum eins og góðu fólki sæmir, þarna sjerðu hvurt mjer þótti hún ekki fall-eg.“¹⁴

Þegar Marta skrifar þetta er hún rúmlega þrítug. Það er einnig Jakobína Jónsdóttir, síðar Thomsen, sem nýkomin til Reykjavíkur lýsir stemningunni þar í bréfi til systur sinnar, Solveigar, dagsettu 7. nóvember 1865:

Þegar jeg kom hingað, var mjer tekið vel, eins og jeg bjóst við, og síðan hefi jeg verið hjer í góðu yfirlæti. Jeg hefi komið svona í nokkur hús [...] og er mjer alstaðar mikið gott að koma. Mjer þykir reindar gaman að koma til þeirra sem eru skemtilegir og vingjarnlegir, einsog mjer finst fólk vera hjer, en þó þikir mjer bezt að sitja hjá vinkonu minni í næði eða ganga um göt-urnar þegar búið er að kveikja í húsunum eða túnglið skín í heiði; jeg er næstum hissa á því hvað þessi tími er ólíkr því sem á undan er liðið æfi minnar, og líklega endar hann fyrr en mig varir. Jeg hefi tíma í Frönsku hjá Fröken Augustu [...]; hún er mjer undur góð, Frökenin; hún bauð að koma með mjer til Próffessorsins, og þar vorum við á Sunnudagskveldið í góðu yfirlæti. Annars fjekk ekkert sjerlega mikið á mig í því húsi, nema Elínborg, það er sjerlega viðkunnanleg og dönnuð stúlka. Gaman þikir mjer að musikk-inni, jeg hefi heyrt Elínborgu og Önnu Thórarens fóstrodóttir Sigurðar Mel-

vík. „Bærinn var þá lítill og heimilisfólkið á flestum heimilum þekktist og umgekkst hvað annað. Embættismenn komu saman við og við hver hjá öðrum á spilakvöldum og hjeldu einstöku sinnum stærri boð. Danzleikir og gleðileikir voru hafðir stöku sinnum á vetrum og tóku flest heimili einhvern þátt í þeim. [...] hópaði unga fólkið sig saman á ýmsum heimilum til skemtunar og glaðværdar“ (Þorvaldur Thoroddsen 1908: 277). Í endurminningum sínum, *Sjæð og lifað*, nefnir Indriði Einarsson þrjú helstu menningarhús í Reykjavík á árunum 1865–72. „Fyrst og fremst af þessum húsum var hús Jóns Guðmundssonar ritstjóra Þjóðólfs,“ annað hús í bænnum „þar sem margir komu, var hús Pjeturs biskups Pjeturssonar. Hann var þá víðlesnasti höfundur á landinu.“ Þriðja húsið var „heimili Pjeturs Guðjohnsens. Þar var efst á baugi söngur, sönglist og hljóðfæraslátur“ (Indriði Einarsson 1936: 112–113).

14 *Lbs* 2193 4to 15. Bréf til Sigríðar Einarisdóttur frá Mörtu Stephensen. Sjá einnig Guðjón Friðriksson 1991: 193.

steds spila á Fortepíanó; ó, hvað það er fallett! mjer fanst jeg gleyma að jeg var í þessum heimi.¹⁵

Í bréfi frá 22. mars 1866, einnig til systurinnar, heldur hún áfram að tala um samkvæmislífið og víkur að „kómediunum“ sem mikill áhugi var fyrir í Reykjavík á sjöunda og áratugnum:

Mikið hefir verið hjer um skemtanir í vetr, þær taka bæði tíma og skildinga, svo maðr ætti að vara sig við þeim, en ekki get jeg nú hælt mjer af því. Comediurnar voru leiknar í 14 kveld; jeg var í 7 kveld og hafði jeg mikið gaman af. Seinasta kveldið máttu allir vera ókeypis, sem keipt höfðu sjer aðgöngu fyrir 6 kveld.¹⁶

Síðar í bréfinu segir hún frá því að „prófessorinn“ sé orðinn biskup og muni sigla með næstu póstskeipsferð til að taka við embættinu ásamt konu sinni og dætrum. „Þær eru makalaust dannaðar og viðfeldnar stúlkur.“

Árið 1870 voru íbúar í Reykjavík alls 1943 (að frádregnum skólapiltum í Lærða skólanum),¹⁷ og voru konur mun fleiri en karlar. Höfuðstaðurinn var því „mikill kvennabær“ (Guðjón Friðriksson 1991: 70). Má ætla að konur hafi einnig verið í meirihluta þeirra sem sóttu leiksýningar, og þá einkum konur af heldrimanna-stétt, því að aðgöngumiðar voru mjög dýrir, eins og Jakobína kvartar líka undan. Í janúar 1874 kostuðu „innngöngumiðar“ að leiksýningum í nýja sýningarsalnum í Glasgow „48 skk. [skildinga] fyrir fullorðna, er sitja vilja, en 32 skk. fyrir standandi og börn“.¹⁸ Miðað við verðlag þessa tíma voru 48 skildingar (hálfur ríkisdalur) um tveggja vikna laun vinnukonu. Aðgöngumiðarnir að þeim sex kvöldum sem Jakobína keypti hafa því kostað þrjá ríkisdali eða því

15 Lbs 2748 4to. Bréf til Solveigar Jónsdóttur frá Jakobínu Jónsdóttur. Sjá einnig Finnur Sigmundsson 1961: 157–158.

16 Lbs 2748 4to. Bréf til Solveigar Jónsdóttur frá Jakobínu Jónsdóttur. Sjá einnig Finnur Sigmundsson 1961: 160. Um leikhús og leiksýningar í Reykjavík á þessu tímabili, sjá Sveinn Einarsson 1991: 229–322.

17 Guðjón Friðriksson 1991: 27. Sjá einnig Helgi Skúli Kjartansson 1974: 256 o.áfr.

18 *Þjóðólfr* 1874: 37. Verslunarhúsið Glasgow í Kvosinni var byggt árið 1863, þá „stærsta hús á landinu“. Árið 1872 keypti Egill Egilsson kaupmaður húsið fyrir 6000 ríkisdali „og var það notað til ýmislegs“, m.a. funda- og sjónleikahalds. Húsið brann árið 1903 (Klemens Jónsson 1929: 46).

sem nemur þriggja mánaða launum vinnukonu. Þær gátu að vísu valið að standa, eftir langan vinnudag, fyrir heldur lægra verð.

Samtíma Jakobínu í Reykjavík var skólapilturinn, og tilvonandi leikskáldið, Indriði Einarsson, sem einnig kom þangað úr sveitinni haustið 1865. Í endurminningum sínum minnst hann sérstaklega á samkvæmislífið og segir: „Töluvert samkvæmislíf var í bænum 1865. Menn komu saman til að halda dansleiki og miðdegisveizlur; auðvitað var það sjaldan. Gleðileikir voru stundum haldnir og voru víst bezta skemtunin, sem völ þótti á“ (Indriði Einarsson 1936: 72). Athyglisvert er að hann segir *gleðileikir*, en það orð var jafnframt haft um þær kómédíur sem voru settar á svið í Reykjavík á sjöunda og áttunda áratug 19. aldar.

Frá sömu „kómédíum“ og Jakobína Jónsdóttir lýsir í bréfi sínu segir svo á forsíðu *Þjóðólfs* 13. janúar 1866, og eru þar kallaðar gleðileikir:

Gleðileikirnir á Skandinavía hófust að kvöldi 1. þ.mán., voru þá leiknir „*Útilegumennirnir*“, eptir Matthias Jochumsson, eptir prentuðu útgáfunni. Síðan hefir verið leikið 5 sinnum að auki [...]. Öll þessi 6 kvöldin hefir verið troðfullt af áhorfendum, er þó nú rúmum 30 sætum fleira heldren verið hefir að undanförmu, og er fjöldi sem hefir viljað komast að en eigi getað fengið bílæti keypt. (*Þjóðólfr* 1866: 33)

Mánuði síðar er fréttin endurtekin í sama blaði. Þar kemur það fram til viðbótar að *Útilegumennirnir* hafi verið leiknir fimm sinnum, *Pakk* eftir Overskou (á íslensku) fjórum sinnum, *Gjenboerne* eftir Hostrup, fimm sinnum, og *Intrigerne*, „saungleikur“, einnig eftir Hostrup, þrisvar sinnum, tveir þeir síðustu á dönsku. Þarna er einnig sagt frá því að leikararnir hafi gefið allan ágóða eins kvöldsins „til undirstöðusjóðs til þess að koma upp leiksvæðis- eða scenuhúsi með framtíð, svo leiksvæðið sjálft mætti standa og verða til taks, hvenær sem vildi“.¹⁹

Um kómédiurnar í Reykjavík árið 1867 skrifar svo biskupsdóttirin, Elinborg, til vinkonunnar Sigríðar Einarsdóttur í Bretlandi, í bréfi, dagsettu 30. desember 1867:

19 *Þjóðólfr* 1866: 57. Sjá einnig Klemens Jónsson 1929: 81 o.áfr.

[...] líka gengur svo mikið á hér um Jólin, með Selsköp og Comediur, að tíminn er liðinn óðar enn jeg veit af. [...] Skólapihtar hafa leikið Comediur um Jólin, og boðið bæarbúum og hefur verið hin mesta skemtun að [...]. Þeir létu Jón Repp koma inná leiksviðið í gjærkveldi í eigin persónu, það varð náttúrulega allramesta grín úr því, mér þókti það svona fallett í meðallagi, að gjöra svona mikið narr að garminum þeim arna er þó ekki fallett, nóg um þetta.²⁰

Enn eru kómedíur til umræðu í bréfi sem Elinborg skrifar Sigríði sex árum síðar, þá orðin amtmannsfrú:

Það er verið að tala um að leika hér Comediur í vetur, það getur orðið mikið skemtilegt, ef þeim tekst vel að leika, jeg veit að sumir eru góðir en sumum tekst það miður, það er víst gáfa sér á parti að leika vel.²¹

Í þessu sama bréfi, dagsettu 8. desember 1873, segir hún frá brúðkaupi sínu, og setur upp eins og á sviði: „Nú er jeg þá flutt uppí mitt nýa hús, hvar jeg kann ágætlega vel við mig, allt gengur mér eptir óskum og allt er eptir mínu geði, við giptustum 18. okt. og veizlan var haldin hérna í húsinu því það er stærra en hús foreldra minna, þar gátu ekki setið eins margir og boðnir voru.“²²

Inn í þetta umhverfi samkvæma, húsa og kómedía skrifar svo Sigríður Bogadóttir leikrit sitt um afmælisdaginn gleðilega.

Fyrsta Reykjavíkurleikritið

Leikrit Sigríðar Bogadóttur, „Gleðilegur afmælisdagur“, gerist í Reykjavík samtímans. Af þeim fjölda skírskotana til atburða, um-

20 Lbs 2193 4to. Bréf til Sigríðar Magnúsdóttur frá Elinborgu Thorberg. Jón Repp var einn af „flökkurum“ síns tíma og kynlegur kvistur, ættaður úr Hreppunum, þess vegna nafnið. Sjá *Fálkinn* 15. september 1939: 3. Ég þakka Guðjóni Friðriksyni fyrir þessa ábendingu.

21 Lbs 2193 4to. Bréf til Sigríðar Magnúsdóttur frá Elinborgu Thorberg. Í bréfi til hennar frá 3. maí sama ár þakkar hún henni fyrir „lukkuóskir“ í sambandi við trúlofun sína. Þá segir hún að Thorberg sé nú búinn að vera í Reykjavík í mánuð, hann „logéri“ hjá Egilsen í Glasgow og verði þar þangað til húsið hans sé komið suður.

22 Húsið flutti Bergur Thorberg með sér frá Stykkishólmi. Kostaði flutningurinn 2000 ríkisdali og var greiddur af landssjóði (*Þjóðólfr* 1873: 81). Húsið stóð við „Bakarastíginn“, þar sem nú er Bankastræti 7. Það var rífið 1973.

hverfis og umræðu líðandi stundar sem í því er má með nokkurri vissu tímasetja það við árslok 1873 og/eða ársbyrjun 1874.²³ Ráðast fyrri tímamörk af amtmannsfrúnni sem kemur lítillaga við sögu, en amtmaður átti ekki búsetu í Reykjavík fyrr en 1873 þegar Bergur Thorberg stofnaði þar heimili síðla árs með konu sinni, Elinborgu Pétursdóttur, eins og áður er getið. Síðari tímamörk ráðast af gjaldmiðlinum sem í leikritinu er ríkisdalur, en hann var lagður niður í árslok 1874 þegar krónan tók við.²⁴ Þá er leikritið mjög vel staðsett í þjóðfélagsumræðu tímabilsins, einkum áranna 1870 til 1873, eins og fjárkláðamálinu sem mjög var deilt um á þessum árum,²⁵ stöðulögunum og „Jónungum“, sem kerling nokkur kallar „Sjónunga“ og voru fylgismenn Jóns Sigurðssonar í fjárhagsmálinu svokallaða.²⁶ Í því sambandi fer fram umræða í leikritinu um ákvæðaskáld og ákvæðaskáldskap með augljósri tilvísun í „Íslendingabrag“ Jóns Ólafssonar sem hann orti undir franska byltingarlaginu „La Marseillaise“ þegar frumvarp um stöðulögin lá fyrir alþingi 1869 og birtist ásamt nótum í tímariti hans *Baldur* 1870.²⁷ Fyrir það var útgáfa ritsins stöðvuð og hann dæmdur í sekt. Premur árum síðar birti hann „Íslendingahvöt“ í nýju riti sínu, *Göngu-Hrólf*, ásamt frægri grein um svokallað „landshöfðingjahneyksli“, hvort tveggja nið um konungsvaldið og danska Íslendinga.²⁸ Aftur var hann dæmdur í sekt og útgáfa tímaritsins stöðvuð. Vegna þessa flúði hann land,

23 Í leikritinu sjálfu kemur ekki fyrir neitt ártal, og aðeins ein söguleg, nafngreind persóna, Guðmundur nokkur Guðmundsson, uppnefndur kíkir (1830–60), margdæmdur stórþjófur í Reykjavík sem hvarf úr gæsluvarðhaldi í Viðey á stolnum báti í ágústmánuði 1860 og er talinn hafa drukknað á flóttanum (*Þjóðólfr* 1860: 147–148 og 154–155; einnig Klemens Jónsson 1929: 89 o.áfr.). Í leikritinu er þetta löngu liðin tíð en þó vel í manna minnum. Sumir töldu nefnilega að Guðmundur kíkir hefði komist af, bjargast í útlanda duggu, og ætti því afturkvæmt til sinna sömu athafna í Reykjavík og áður.

24 Ekkert í leikritinu bendir til konungskomunnar eða aðdraganda hennar um mitt sumar 1874 sem vafalaust myndi um svo stóran atburð hefði leikritið verið skrifað eftir þann tíma.

25 Um fjárkláðann sem var lengi eitt helsta deiluefni þjóðarinnar, það er milli þeirra sem vildu skera niður og þeirra sem vildu lækna, sjá Einar Laxness 1998: 132–134.

26 Guðjón Friðriksson 2011: 24–25. Í samtímaheimild kemur nafngiftin „Jónungar“ fyrir í grein eftir Arnljót Ólafsson í *Norðra* 1872: 13.

27 Jón Ólafsson 1870: 15. Sjá einnig Einar Laxness 1998: 52.

28 Jón Ólafsson 1873: 81–82. Sjá einnig Einar Laxness 1998: 174.

fyrst til Noregs, síðan til Ameríku. Í leikritinu er Ameríka fyrirheitna landið og Ameríkuferðir mjög á döfinni, en þær hófust um 1870 og náðu hámarki 1873. Í leikritinu ofbýður utanbæjarkonu hvað konungurinn og þingið kostar þjóðina og er vegna þess að hugsa um að flýja land. Það sem hún m.a. setur fyrir sig er kostnaðurinn við fjölda þingmanna og fær það uppörvandi svar að þeir eigi nú „að verða helmingi fleiri næsta ár“. Það ár getur ekki verið annað en 1874 þegar þjóðkjörnum þingmönnum var samkvæmt nýju stjórnarskránni fjölgað um tíu, það er úr 26 í 36. Samtalið um þingið á sér því stað árið 1873.

„Gleðilegur afmælisdagur“ er ekki aðeins elsta leikrit sem varðveist hefur eftir íslenska konu, heldur einnig fyrsta Reykjavíkurleikritið.²⁹ Það er mjög langt og myndi varla taka undir fimm tímum í flutningi, enda er ekki vitað til þess að það hafi nokkurn tímann verið flutt. En lengdin sýnir að höfundur var mikið niðri fyrir. Hvatinn að ritun leikritsins kann að vera nýja leiksviðið í Glasgow sem var mikil lyftistöng fyrir leiklistarlíf í Reykjavík, opnað með pompi og prakt í janúar 1873 með *Útilegumönnunum* eftir Matthías Jochumsson, sem þá hét *Skugga-Sveinn* í fyrsta sinn, og *Nýársnóttinni* eftir Indriða Einarsson.³⁰ Um þessar sýningar segir Lárus Sigur-

29 Eins og Sveinn Einarsson hefur bent á kann leikrit eftir Steingrím Thorsteinsson sem kom í leitinarn að honum látnum, og varðveitt er í einu handriti á Landsbókasafni, *Lbs* 1897 8 vo, að vera eldra, skrifað í Kaupmannahöfn að hvatningu Sigurðar málara um 1860. Leikritið sem ber nafnið „Ekki er allt sem sýnist“ gerist allt á einu sviði, við krambúðarborð í Reykjavík, þar sem mikið er drukkið, og er að mati Sveins „fyrsta kaupstaðarlýsingin í íslensku leikriti“ (Sveinn Einarsson 1991: 393). Í síðari grein dregur hann úr þessu þar sem „leikritið gerist að hluta í Kaupmannahöfn og deilt er á borgarglauminn þar“ (Sveinn Einarsson 2011: 158). Þetta leikrit er mjög stutt, 27 blaðsíður (og á því ekkert í 245 blaðsíður biskupsfrúarinnar), hripað niður með óvandaðri skrift á fjórtán renninga. Það er því augljóslega í drögum og ófullgert. Það kann líka vera skýringin á því af hverju það var aldrei birt. Steingrímur kom heim frá Kaupmannahöfn 1872 og gerðist kennari við Lærða skólann. Leikritið kann hann að hafa ætlað fyrir leiksýningar skólapipta á áttunda áratugnum, en í því kemur fyrir knæpan hjá „feita Jörundi“ sem gæti vísað til veitingahúss Jørgensens í Reykjavík á þessu tímabili, stundum kallað „Hjá Jörundi frænda“ (sbr. Guðjón Friðriksson 1991: 191).

30 Sbr. frétt í *Göngu-Hrólf* 1873 (1874: 31) undir fyrisögninni „Gleðileikar í Reykjavík“; einnig *Frjettir frá Íslandi* 1873 (1874: 31), en þar segir: „Þegar talið er það, sem horfir til menntunar, þá er enn fremur vert að telja sjónarleika þá, er haldnir

björnsson (1948: 90–91) og leggur áherslu á leiksviðið: „Menntamennirnir ungu ruddu braut allri leikritun hér á landi [...] með leikritum sínum „Útilegumönnunum“ og „Nýársnóttinni“. Það hefðu þeir varla gert, ef Sigurður Guðmundsson hefði ekki staðið þeim við hlið og boðið upp á leiksvið, sem hæfði verkum þeirra.“ Efnið í leikritin sækja þeir í þjóðsögur og þjóðlíf, og er „söngleiksform“ á báðum, segir Lárus Sigurbjörnsson, „aðfengin nýung [...] af söngleikum Heibergs og annarra sem þá voru í móð“.³¹ Bæði leikritin voru þá komin út á prenti, *Útilegumennirnir* 1864 og *Nýársnóttin* 1872.

Sigríður Bogadóttir sækir hins vegar efni sitt í samtímann, þar sem hún frá sínu kvenlega sjónarhorni setur „problemer under debat“, eins og Georg Brandes boðaði í frægum fyrirlestrum á svipuðum tíma,³² og teflir þjóðfélagi gegn þjóðlífi. Leikrit hennar má því skilgreina sem ákveðið andóf gegn ríkjandi stefnu söngleikjanna um leið og hún þó nýtir sér þá, sennilega vegna þess að þeir eru í tísku og því vænlegir til vinsælda. Að þessu er raunar ýjað í leikritinu sjálfu þar sem einn borgarabúinn er látinn segja: „Nú er allt ort í söngvum, sumir eru með útlenzkum lögum. Þetta vitið þið ekki í sveitinni.“ Þetta tilsvár sýnir einnig togstreituna milli borgar og sveitar sem er eitt af meginviðfangsefnum leikritsins og það er að miklu leyti sprottið úr.

voru næstliðið ár. Að afliðnu nýári byrjuðu leikar þessir í Reykjavík, og voru haldnir í stórum sal í „Glasgow“, er áður var sölubúð.“ Í þessari frétt er það sérstaklega tekið fram að meðal leikenda hafi verið nokkrar stúlkur.

- 31 Lárus Sigurbjörnsson 1948: 104. Ekki líkar honum við útlensku áhrifin því að hann bætir við: „Söngleikafarganið danska átti líka eftir að flæða yfir íslenska leiksviðið allt til aldamóta, er því loks var rýmt burtu.“
- 32 Sbr. Georg Brandes þar sem segir: „Det, at en Litteratur i vore Dage lever, viser sig i, at den sætter Problemer under Debat“ (Brandes 1871: 15). Vandamálin sem hann telur að bókmenntirnar þurfi að ræða eru m.a. hjónabandið (sem hann nefnir fyrst og vísar um það til fyrirmyndar í verkum skáldkonunnar George Sand), samskipti kynjanna, eignarétturinn og stéttskiptingin. Fyrirlestrar hans höfðu mikil áhrif, einnig á íslenska rithöfundu, en óvíst er að Sigríður hafi haft af þeim pata. – Með þessu er ekki sagt að verk sem sækja efni sitt í þjóðsögur og þjóðlíf geti ekki falið í sér þjóðfélagslega ádeilu. Um ágæta greiningu á *Nýársnóttinni* sem „gleðileik um frelsisbaráttu þjóðar“, sjá Trausti Ólafsson 2010. Það er þó athyglisvert að ádeila karlhöfundarins, Indriða, beinist að kúgun þjóðar en kvenhöfundarins, Sigríðar, að kúgun kvenna.

Allt sannleikur

Leikritið „Gleðilegur afmælisdagur“ gerist á einum degi í Reykjavík, á afmæli Jóhanns stúdents. Því fylgir enginn formáli með kynningu á persónum eða þáttum og eru sviðslýsingar af skornum skammti. Það er í þremur löngum þáttum sem hver skiptist í mörg atriði. Fyrsti þáttur gerist í „hreysi“ Margrétar, annar þáttur í veitingahúsinu, þriðji þáttur í húsi herra Páls og madömu Pál. Þetta eru mikil leiksvið með fjölda persóna sem hver gegnir sínu hlutverki, eins og einnig þeir fáu innanstokksmunir sem lýst er, lítil borð, hirslur, speglar, flöskur, glös, að ógleymdum fatnaði sem sérstök áhersla er lögð á. Helstu persónur eru:

MARGRÉT, ekkja og aftur gift Ásbirni
 ÁSBJÖRN, eiginmaður Margrétar, ónytjungur, drykkjusvín
 INGIBJÖRG, dóttir Margrétar, heimasæta, saumakona
 RAGNHILDUR dóttir Margrétar, þjónustustúlka á veitingahúsinu
 JÓN, sonur Margrétar, letingi, skólapiltur í Lærða skólanum
 ÍSLEIFUR, bróðir Margrétar
 AÐKOMUMAÐUR frá Ameríku
 HERRA PÁLL
 MADAMA PÁL
 JÓHANN, sonur þeirra, nýstúdent
 HÚSBÓNDINN, eigandi veitingahússins
 MOGENS, skenkjari á veitingahúsinu
 SIGURÐUR, bróðir Mogens, úr sveit
 JÓNAS BREIÐDALUR, flysjungur, í Prestaskólanum
 ÞORKELL, rithöfundur og bókarí
 NESI, sendill
 ÁSLAUG, utanbæjarkona
 STEINUNN, vatnskerling
 HALLGERÐUR, vatnskerling
 VIGDÍS, vinnukona í húsi herra Páls
 INSPEKTOR LÆRÐA SKÓLANS
 PÓLITÍ
 HERRAR, gestir veitingahússins

Fyrirsögn leikritsins, „Gleðilegur afmælisdagur“, er misvísandi, þar sem gleðin sem hún boðar er í litlu samræmi við alvarlegt efni þess.

Í henni má því segja að kristallist togstreitan milli hefðar gleðileikjanna sem var ríkjandi í íslensku leikhúsi á þessum tíma og þeirra vandamála sem leikritið tekur til meðferðar og höfundur vill í bókstaflegri merkingu beina ljósunum að.

„Gleðilegur afmælisdagur“ fjallar um aðflutta fjölskyldu úr sveit, svo fátæka að jaðrar við örbirgð. Aðalpersónur eru Margrét, útslitin miðaldra kona og ekkja eftir drukknaðan eiginmann að hún telur, aftur gift Ásbirni, ónytjungi og „drykkjusvíni“ sem hefur tælt hana með fagurgala til að giftast sér. Hann þóttist vera ríkur og trúði hún því. Börn Margrétar af fyrri hjónabandi eru dætur hennar tvær á giftingaraldri, Ingibjörg og Ragnhildur, mjög ólíkar. Ingibjörg er skynsöm, hjálpar móður sinni heima við saumaskap. Ragnhildur vinnur á veitingahúsinu, er pjötuð, og hugsar mest um útlit og föt. Jóhann, stúdent, af yfirstétt, elskar Ingibjörgu, sem hafnar honum vegna fátæktar sinnar og fákænsku að eigin sögn. Jónas Breiðdalur er prestsefni og „flysjungur“ sem reynir að tæla Ragnhildi, en hún er jafn trúgjörn og móðirin áður og vill endilega giftast, þar sem systirin Ingibjörg á þá ósk heitasta að menntast. Jón sonur Margrétar, er vandræðaunglingur, hortugur, drykkfelldur, latur og vanþakklátur. Hann er í uppfæðslu hjá herra Páli og madömu Pál, foreldrum Jóhanns stúdents, sem kosta hann til náms í Lærða skólanum, en þar er hann búinn að vera í þrjú ár án þess að komast nokkuð áfram, móður sinni til mikillar sorgar. Við sögu kemur svo Ísleifur, bróðir Margrétar, sem hefur frétt af eynd hennar og gerir sér ferð úr sveitinni til að sækja hana. Á sama tíma kemur „aðkomumaðurinn“, dularfullur gestur frá Ameríku, með „saltskipinu“ gegnum „Liverpool“ og leitar uppi eina veitingahúsið í bænum. Þar er hann mistekinn fyrir stórþjófinn Guðmund kíkí og vændur um þjófnað, atburður sem vindur upp á sig en verður ekki nánar rakin. Þessir tveir, Ísleifur og aðkomumaðurinn, hittast og kynnast á veitingahúsinu. Þar er einnig rithöfundurinn Þorkell, sem er að safna efni í skáldsögu um drykkjuskapinn og svallið í veitingahúsinu og sér jafnframt um bókhald þess.³³ Er skáldsagan ætluð til

33 „Veitingahúsið“, sem svo er kallað, er kapituli út af fyrir sig sem hér verður ekki farið nánar út í, heldur beðið eftir skáldsögu rithöfundarins Þorkels. Það kann að eiga sér fyrirmynd í Gildaskálanum á horni Aðalstrætis og Austurstrætis, sem

upplýsingar næstu kynslóðum og á fyrst að koma út eftir hans dag. Þetta er auðvitað karlrithöfundur sem er vissara því að hann er norm verksins, sjáandinn og boðberi sannleikans. Um leið skapast hliðstæða með honum og þeim kvenhöfundi sem býr hann til. Bæði eru þau að safna efni um það sama, hann í skáldsögu, hún í leikrit, og hvorugt verka þeirra er til birtingar að þeim lifandi. Skáldsögu sinni lýsir Þorkell svo fyrir tilfallandi gesti sem slæðist drukkinn inn á veitingahúsið og er með læti og hortugheit:

ÞORKELL: Jeg á lítið með að reka yður út, en síður eigið þjer með að reka mig út, húsin eru svo gott sem mín. Þjer vitið ekki að jeg er að semja nokkurs konar skáldsögu. Það er svo mikið verið að skrifa og skrafa um framfarirnar hjer á landi. Jeg er að sýna lífið eins og það hefur verið fyrir 30 eða 40 árum og hvernig það nú er, og jeg verð að taka mörg atriði úr knæpulífínu, til þess að menn sjái framfarirnar í þeim pósti. Jeg meina seinni tíðar menn. Og þess vegna er jeg hjer svo oft.

GESTUR: Það verður gaman að sjá þenna pjesa, verður hann margar arkir?

ÞORKELL: Það get jeg ekki sagt fyrir víst, það er mest komið undir því hversu vel knæpan verður sótt.

GESTUR: Nær gefið þjer bókina út?

ÞORKELL: Hún verður gefin út eftir minn dag.

GESTUR: Hvernig stendur á því?

ÞORKELL: Hjer kemur engin bók út, sem er útásetningarverð. Ef jeg væri svo grunnhygginn að gefa út pjesann minn, þá yrði hann rifinn og tættur í sundur orð fyrir orð, og jeg með, en þegar jeg er dauður, þá veit jeg ekki neitt um það. Sumir mundu bera í bætiflákan fyrir knæpulífið og segja mig margskrökva, og má ske draga mig fyrir rjett og dóm, og þar neyddist jeg til að tilgreina mennina og skýra greinilega frá öllu til þess að þvo hendur mínar. Er ekki von að jeg vilji komast hjá slíku mála-vafstri? Mjer yrði, meir að segja, mäske hótad tugthúsínu.

GESTUR: Það er víst margt róstusamt í pjesanum.

ÞORKELL: Allt sannleikur.

síðar varð Hótel Ísland. Veitingahús leikrítisins skiptist í þrjár stofur, eins og líka Gildaskálinn. Þar nefndust stofurnar „Almennigur“, „Káetan“ og „Svinastían“, og fór það eftir virðingarröð hvar menn drukku. „Svinastían var hin óæðri stofa og þar drukku dónarnir sem svo voru nefndir til aðgreiningar frá höfðingjunum“ (Guðjón Friðriksson 1991: 191). Sjá einnig grein Guðjóns (1988) „Svinastían. Alræmd drykkjubúla í Reykjavík“, með nákvæmari lýsingu og tilvitnunum í samtímaheimildir.

Bæði með höggum og illyrðum

Þau tvö meginvandamál sem leikritið tekur einkum til umræðu eru drykkjuskapur karla og bág kjör kvenna, en drykkjuskapur var landlægur í Reykjavík og víðar á síðari hluta 19. aldar, sannkallað þjóðarböl sem kom mjög niður á konum þótt ekki væri talað um. Í langri framhaldsgrein sem Jón A. Hjaltalín birtir um þetta efni í blaði sínu *Heilbrigðistíðindum* 1872 álitur hann „drykkjuskapinn einhvern hinn skaðvænasta löst í mannlegu félagi.“ Um leið afsakar hann orðalagið, að sumum kunni að þykja hann taka ærið djúpt í ár-inni. En „jeg hygg samt sem áður,“ segir hann, „að mjög margir sjeu þeir, sem játa þetta satt vera, og sem sjeu allt eins gramir upp á drykkjuskapinn og jeg sjálfur.“ Þá víkur hann að þeirri þögn sem um málið ríkir og tekur dæmi af dagblöðunum:

Pegar menn lesa í íslenskum blöðum um ýmsar ófarir, sem menn hafa orðið fyrir, þá er það eigi sjaldan, að ofdrykkja á allmikinn þátt í slíku, og munu hin dæmin þó vera enn þá fleiri, er aldrei hafa orðið heyrum kunnug. Þannig þekki jeg mörg dæmi, að ungir menn hafa orðið bráðveikir eða dáið snögglega af völdum ofdrykkju, og hefur þess þó hvergi verið getið í blöðunum. Þetta er með náttúrlegum hætti opt sprottið af ókunnugleika rithöfundanna. [...] Með þessum hætti verður það, að allmörg af slysum þeim, er af ofdrykkjunni leiðir, verða aldrei heyrum kunnug, en þó mun hver sá, sem vill lesa dagblöð vor, og einkum þann kafla þeirra, er hljóðar um mannalát og slysfarir, um hið seinasta 10 ára bil — og er það þó eigi langur tími, — geta fundið ærið mörg dæmi þess, hve mörgum ofdrykkjan hefur orðið að fjörtjóni. En þó nú fjöldi þeirra, sem við slík atvik hafa farið sjer að voða, sje, ef vel er að gáð, ærið stór, þá þori jeg þó að segja, að tala þeirra, sem hafa skemmt heilsu sína á ofdrykkju, er enn þá stærri. Þetta er opt hulið bæði fyrir blaðamönnum og almenningi, en læknirinn fær því optar að sjá hinar sorglegu afleiðingar af ofnautn áfengra drykkja bæði hjer og erlendis.

Þá margendurtekur hann hve brennivínið geti orðið mönnum að bráðum bana og til séu þeir sem „bráðdeyja í drykkjuskap“.³⁴

34 Jón A. Hjaltalín 1872: 1–2, 5. Í endurminningum sínum lýsir Indriði Einarsson (1936: 72) drykkjuskapnum í Reykjavík eins og hann blasir við honum haustið 1865: „Ef komið var inn í búðirnar í bænum [...] þá hjengu menn í röðum fram

Engu er líkara en leikrit Sigríðar sé leikræn útfærsla á orðum landlæknis. Hann kemur að vísu ekki inn á það heimilisofbeldi sem af drykkjuskapnum leiðir, en það gerir hún. Eins og í *Nýársnóttinni* hefst leikritið á kvennaheimi þar sem konur sitja við sauma. Í *Nýársnóttinni* er það baðstofa í sveit, í leikriti Sigríðar kytra í Reykjavík, einnig kölluð „hreysi“. Þar sitja þær mæðgur, Margrét og Ingibjörg, og sauma „af kappi“ karlmannsskyrtur um leið og þær, eins og Áslaug í *Nýársnóttinni*, syngja um dapra ævi sína og ræða út frá því um ástandið á heimilinu. Móðirin harmar mjög örlög Ingibjargar sem hún hefði viljað koma til mennta í stað þess að hún verði að fórna sér fyrir heimilið með mikilli vinnu, auk þess sem hún taki af henni „högginn“ frá eiginmanninum Ásbirni. Þetta vill hún launa dótturinni með því eina sem hún á, silfurbelti. Það er því miður án hnappsins því honum hefur Ásbjörn stolið og keypt fyrir brennivín. Móðirin er meðvirk og tekur öllu með jafnaðargeði en það gerir dóttir hennar hins vegar ekki:

INGIBJÖRG: Heldur þú að jeg geti horft á það að hann Ásbjörn berji þig.

Nei, hann skal ekki gjöra það í minni nærveru, og úr því að hann þarf að skeyta skapi sínu á einhverju, þá má hann láta það bitna á mjer, jeg þoli það annað kastið.

MARGJET: En það er það versta að þú svarar honum stundum.

INGIBJÖRG: Jeg er neydd til þess; jeg er að reyna að sannfæra hann.

MARGJET: Það er ekki til neins að hugsa sjer að sannfæra drukkna menn; það er eins og að berja höfðinu við stein; jeg man þegar hann faðir þinn sæll var kenndur, þá mátti jeg þegja, ef vel átti að fara, og var hann góður maður, og hví skyldi þá ekki vera best að þegja, þegar þessi maður á í hlut.

INGIBJÖRG: En það má ekki láta þá vaða uppi eins og illhveli; menn verða að bera hönd fyrir höfuð sjer. Það er grátlegt hvernig hann er búinn að gjöra þig heilsulausa bæði með höggum og illyrðum.

MARGJET: Þess háttar menn eru svipur á oss syndugar mannskepnur.

Þannig afsakar móðirin ekki aðeins ofbeldismanninn, heldur kennir hún sjálfri sér um.

á búðarborðin, til þess að fá brennivín. Mestu garparnir fengu sjer pela eða hálf-pela af brennivíni og drukku það út í einum rykk. Það mun hafa þótt hetju-skapur.“

Í höfuðstaðnum er mikið um drykkjuskap, og beinir leikritið ljósunum að „óhræsis knæpunum“ og „veitingahúsinu“, uppsprettu drykkjuskaparins. Margréti finnst þungbært að eiga þar bæði mann og son og þar að auki dóttur sem gengur um beina. Meðan þær mæðgur, hún og góða dóttirin Ingibjörg, eru að ræða þetta og vandræðin með soninn Jón heyrir úti fyrir „munnmælgi“: „Jeg vil fá ríkisdalinn minn, sem jeg lánaði þér,“ og „Sleptu mér skrattinn þinn, eða ég skal ...“, og inn gengur Ásbjörn. „Æ,“ segir Margrét, „nú er úti friðurinn.“ Ásbjörn er fullur og fer strax að rífast. Hann heimtar skyrturarnar sem þær eru að sauma, er sjálfur rifinn og tættur og kvartar undan því að ekkert sé um hann hugsað. Móðirin þegir en Ingibjörg verður til svara:

INGIBJÖRG: Hví ert þú að rífa fötin þín í áflogum? Þú hefur rífið þetta síðan í morgun, því þegar þú fórst í hana [buruna] var hún heil.

ÁSBJÖRN: Hvað varðar þig um það, hvernig jeg ríf fötin mín?

INGIBJÖRG: Jeg skal sauma saman rifurnar.

ÁSBJÖRN: Nei. Jeg skal gjöra ykkur það til skammar að ganga svona rifinn og tættur.

MARGRJET: Jeg skal sauma saman.

ÁSBJÖRN: Og þegi þú, hlassadrottningin þín. Jeg vil ekki að þú segir eitt orð á móti mjer.

INGIBJÖRG: En heldur þú að okkur verði lagt það út til lýta, að þú gengur rifinn og tættur. Nei. Allir vita, hvernig þú hagar þér og vorkenna okkur.

ÁSBJÖRN: Allir vita að þið eruð ónýtar og ómagar. Jeg vinn fyrir hreysinu, þið gjörði ekki neitt, og svo fæ jeg ekki annað en sneypu og vanþakklæti. Jeg vil sjá þann mann, sem gæti verið í mínum sporum, hjer er ekki annað en iðjuleysi og óþrifnaður.

INGIBJÖRG: Og drykkjuskapur og rifrildi.

ÁSBJÖRN: Ertu að sneiða mig, stelpan þín. Jeg skal kenna þjer að þegja. (*Reiðir til höggs*).

MARGRJET: Sláðu hana ekki; vertu góður.

ÁSBJÖRN: Og þegi þú, eða jeg skal gefa þér á túlann. (*Sýnir hnefann*) Þessi getur kennt ykkur að respektera mig.

Í framhaldi af þessu vill Ásbjörn fá brennivín, en það er ekki til. Hann heldur áfram að skammast og rífast yfir því sem þær hafa gert honum, og sé hann orðinn öreigi þeirra vegna. Þá heimtar hann öl,

en það er ekki heldur til og Ingibjörg býður vatn. Margrét segir ekki orð.

ÁSBJÖRN (*til Margrétar*): Þú þegir. Skárri er það konu-ómyndin.

MARGRJET: Jeg má hvorki tala eða þegja.

Ásbjörn tekur upp tóman pelann sem hann kom með. Hann heimtar silfurbelti Margrétar til að setja í pant, þykist ætla að kaupa fyrir það mat. Hún neitar að láta hann fá beltið, segist hafa gefið Ingibjörgu það, en býður honum mat.

ÁSBJÖRN: Viltu bara þegja og fá mér beltið (*reiðir til höggs*).

Ingibjörg er göfug og biður hann að berja sig heldur. „Hún mamma er ekki maður til að þola höggin þín.“ Hann segist þá skuli lemja þær báðar, og ef hann fái ekki beltið með góðu, muni hann brjóta upp kistuna þar sem það sé geymt. Ingibjörg neitar honum um lykilinn og upp spretta eftirfarandi orðaskipti:

INGIBJÖRG: Og þú færð aldrei lykilinn. Það var ekki fallett af þjer þegar þú fórst ofan í kistuna hennar móður minnar, tókst hnappinn úr samfellunni hennar og ljest hann upp í brennivínsskuld, og þegar hún kvartaði um það við þig, barðir þú hana ofan í kaupið, svo að hún lá í rúminu heilan mánuð, og er ekki orðin jafngóð enn, og jeg er viss um að hún hefði veslast upp, hefði ekki gott og mannúðlegt fólk sent henni heilnæmt fæði til að nærast á.

ÁSBJÖRN: Haltu á þjer túlanum og skiptu þjer ekki af því sem jeg gjöri (*fer í vasa Margrjetar og tekur lykilinn, hún er hálfkjökrandi*).

MARGRJET: Þetta er það síðasta sem jeg á, og það á þá að fara svona (*Ingibjörg stimpast við Ásbjörn og ætlar að ná lyklinum; svuntan hennar rifnar í stimpingunum*).

Í sama bili kemur „Steinunn kerling“ inn. Steinunn er sterk og sjálfstæð, hefur aldrei verið við karlmann kennd. Þar hittir Ásbjörn ofjarl sinn, því að hún nær af honum lyklinum eins og ekkert sé og hótar honum öllu illu: „Það væri mátulegt að gefa þér á túlann með lyklinum.“ Undan þessari hótun kerlingar flýr Ásbjörn með þeim orðum að hann ætli að „súpa úr lekabyttunum“ hjá þeim í veitingahúsinu ef honum leggist ekki annað til. Steinunn er vatnskerling á leið að sækja vatn fyrir madömu Pál í tilefni væntanlegrar

afmælisveislu, og innkoma hennar á augljóslega að vera kómísk, ómissandi hluti í gleðileik. Hún er mjög mælsk og segir hverja sögunna á fætur annarri af drykkjuskap bæjarbúa sem eiga að skemmta mæðgunum jafnt sem áhorfendum leiksins. Að þetta sé skemmtiatriði er lögð á áhersla með orðum Margrétar: „Mikið bunar Steinunn greyið, maður getur ekki annað en hlegið að því, ef manni væri hlátur í hug, og einhvern tíma hefði jeg velzt um í hlátri, en nú stökk mjer ekki bros.“³⁵ Kómedía er ekki fyrir fátækar og bardar mæðgur.

Fleiri atriði af þessu tagi sem eiga að sýna kómedíu samkvæmt uppskrift gleðileiksins koma fyrir í leikritinu, t.a.m. annað með vatnskerlingu. Er þar komin Hallgerður nokkur sem ryðst inn í karlaheim veitingahússins með herðatré á bakinu að leita að karlinum sínum blindfullum. Í óreiðunni sem við þetta skapast verður henni það á að dauðrota einn fylliraftinn og er „pólitiíð“ tilkallað. Úr þessu verður leikrit í leikritinu. Til að bjarga sér frá pólitiínu býr Hallgerður sig út sem sambland af sveitakarli í aflóga fötum af sveitamanninum Sigurði, bróður skenkjarans, og vitskertri kerlingu með kött í fanginu sem hún svo hendir í pólitiíð. Undir þessu atriði stamar málhatur karlinn hennar, „meinleysinginn og gungan“, sem hefur gefið sig í ljós: „La, la, la, la. Láttu ekki svo, svo, svona ko kona. Jeg var að sti, sti, sti, stilla fri fri fri friðar.“ Minnir þetta á „grínið“ með innkomu Jóns Repps í kómedíu skólapilta sem biskupsdóttirin segir frá í bréfi til vinkonu sinnar og þótti í meðallagi falllegt.

Í lok fyrsta þáttar er Ásbjörn borinn brennivínsdauður heim, hefur fundist fyrir utan eina búðina, og er lagður til upp í rúm. Þar gefur hann upp öndina „með miklum hrotum“ sem heyrast úr her-

35 Um Reykjavík vatnsberanna um 1870 segir Þorvaldur Thoroddsen (1923: 117) í *Minningabók* sinni: „Þá var margt enn stutt á veg komið, er snerti alment fjelagslíf og bæjarþrif, engin vatnsveita, engin götuljós. Vatnskarlar og kerlingar með fótur festar við herðatrje voru alstaðar á ferðinni, og var margt af því fólki skrítið í háttum.“ Þá minnst einnig Indriði Einarsson (1936: 71) vatnsberanna í endurminningum sínum um Reykjavík 1865: „Oft urðu á vegi manns vatnsberar. Þeir sem sjerstaklega höfðu vatnsburðinn fyrir atvinnu, báru fóturnar hangandi í herðatrje. Hinir báru þær í grind. Vatnsberarnir voru bæði karlar og konur. Við vatnspóstinn voru sagðar nýjustu sögurnar úr bæjarlífinu, oftast ýktar og kryddaðar, skilningslaust, og þaðan bárust þær með vatninu út um bæinn.“

berginu, en fyrir utan söngvana, sem eru reyndar nokkuð á skjön við meginefni leikritsins, er drykkjuhávaði eina leikhljóðið, auk radda, sem það býður upp á. Litlu eftir að Ásbjörn er borinn inn og Ingibjörg stumrar yfir honum í dauðateygjunum kemur móðirin Margrét að utan, náföl og stynjandi, hefur séð svip „hans“, sem áhorfendur átta sig ekki alveg á strax, frekar en hún, hver er. Þetta reynist vera „svipur“ fyrrverandi eiginmanns hennar, „aðkomumannsins“ dularfulla, sem hefur þá ekki drukknað, heldur er kominn heim eftir tíu ára vist í Ameríku til að vitja fjölskyldu sinnar. Við þessa sjón verður Margréti svo mikið um að hún fellur í öngvit við bana-beð Ásbjarnar. Þar með fellur tjaldið og Margrét sést ekki meir. Það sem eftir er leiksins liggur hún máttvana í rúmi baksviðs, enda svo útslitin og illa útlítandi eftir alla meðferðina að hún er ekki til sýnis og þar með úr leik.

Það er ekki ljósumum að því lýst

Auk drykkjuskaparins og þess heimilisofbeldis sem af honum leiðir og Sigríður beinir ljósumum að fjallar hún einnig og af sömu ástríðu um það hvernig karlar leitast við að tæla konur með fagurgala til að fara síðan illa með þær. Þetta kemur skýrt fram í skemmtilegu samtali þeirra systra Ingibjargar og Ragnhildar þar sem þær skiptast á skoðunum um karla heima í hreysi móðurinnar meðan hún hefur brugðið sér af bæ til madömu Pál í von um mat.

Þegar hér er komið sögu hefur Ingibjörg fengið bónorðsbréf frá Jóhanni stúdent sem biður um hjarta hennar í afmælisgjöf. Hún verður skelfingu lostin, trúir ekki á ástarjátningu hans, en heldur að hann ætli að tæla sig. Hún er í þann mund að brenna bréfið þegar systirin Ragnhildur kemur inn. Sú hefur nefnilega einnig fengið bréf og tilkynnir að hún sé á leiðinni upp í sveit til að verða prestkona. Bréfið er frá prestsefninu Jónasi Breiðdal, einum af þeim sem hefur áreitt hana á veitingahúsinu, en ungar stúlkur sem þjóna á veitingahúsi hafa samkvæmt leikritinu ekki á sér gott orð og eru því auðveld bráð. Bréfið túlkar Ragnhildur sem bónorðsbréf og les upp fyrir systur sína. Í bréfinu er hún, fátæk þjónustustúlkan, ávörpuð „jómfrú góð“, en jómfrú var titill ógiftra kvenna af heldri millistétt,

að vísu ekki eins fint og „fröken“ um ungar stúlkur af höfðingjastétt, en upphefð þó.³⁶ Í bréfinu segist Jónas oft hafa óskað sér þess að hún móðir hans hefði slíka stúlku sem Ragnhildi sér til aðstoðar, og ýjar um leið að því að eitthvað geti gerst milli þeirra tveggja með tímanum, en það túlkar Ragnhildur sem ástarjátningu og bónorð. Ingibjörg túlkar bréfið hins vegar öðru vísi, kallar bréfitarann flysjung og segir að þetta sé ekki bónorðsbréf, heldur vanti hann einfaldlega vinnukonu: „Hann er drykkjusvín og flysjungur, það orð hefur hann á sér.“ Bréfið sé eintómur fagurgali, hann sé að gabba hana og ætli að hafa gott af henni, enda biðji hann hana að hitta sig hið bráðasta. Ragnhildur lætur sér ekki segjast, trúir því að Jónas Breiðdalur elski hana, hamrar á þessu sem getur gerst með tímanum og situr við sinn keip:

INGIBJÖRG: Nei, systir mín góð. Það getur margt illt skeð með tímanum, ef þú hefur þessar grillur.

RAGNHILDUR: Þetta eru engar grillur; jeg er líka komin á þann aldur að jeg get farið að hugsa um giftingar, og allra helst þegar maðurinn kemur svona upp í höndurnar á mjer. Herrarnir segja líka að stúlkurnar sjeu ekki eigandi þegar þær eru komnar yfir tvítugt. Ég ætti mäske að vera svo mannvönd að vilja ekki nema þann sem ekkert væri að.

INGIBJÖRG: Það er ekki mín meining. En drykkjuskapur og ómennska er nógu stór frágangssök.

RAGNHILDUR: Hvar er sá sem ekki drekkur meira eða minna, vísaðu mér á hann. Við megum óhætt súrmúlast ógiftar alla okkar daga, ef við eigum að fælast þá sem taka sjer í staupinu.

INGIBJÖRG: Ég er búin að sjá svo mikið af drykkjuskapnum að jeg vil ekki meira.

RAGNHILDUR: Vertu þá ógift alla þína daga fyrir mjer, en lofaðu mjer að giftast.

36 Um viðeigandi titla á reykvískum konum um 1870 ritar Klemens Jónsson (1927: 72): „Þá voru engar konur kallaðar frúr, aðrar en konur æðstu embættismanna, hinar urðu að láta sjer nægja „maddömu“-titilinn, og eins voru konur efnabetri eða heldri borgara kallaðar. Þær voru þó ekki blátt áfram nefndar t.a.m. mad-dama Guðrún, heldur kendar við mann sinn með danskri endingu, t.a.m. mad-dama Einar Jónsen, og það þó að þessi Einar alltaf kallaði sig og skrifaði Jónsson. Konur sjómanna og tómthúsmanna voru blátt áfram kallaðar Ingibjörg Jóns eða Guðrún í Hala. [...] Á sama hátt voru aðeins dætur höfðingjanna titlaðar „fröken“, maddömuðurnar voru „jómfrúr“ og hinar ekki neitt.“

INGIBJÖRG: Vertu ekki það barn að halda að hann meini að eiga þig. Varaðu þig.

Ingibjörg, sem er allan tímann með bónorðsbréfið frá Jóhanni stúdent inni á sér án þess að segja systurinni frá því, reynir í löngu máli að tala um fyrir henni:

INGIBJÖRG: Þú heldur að hann vilji eiga þig af því hann talar mjúklega til þín. Hann vill leggja net fyrir þig, en láttu hvorki hann nje aðra veiða þig. Þú getur verið viss um að þeir hugsa hærra en svo að þeir vilji eiga okkur, sem erum bæði fátækar og fákunnandi. [...] Þú getur trúað því sem jeg segi þjer. Hann vill eiga þig fyrir vinkonu um stund og tíma. Þú ert fríð stúlka og þess háttar karlar eins og hann geta gottað sér yfir einfeldni þinni. Við skulum vera ríkar af sómatilfinningu í okkar fátækt. Hversu margar stúlkur hafa ekki verið dregnar á talar af því að þær hafa trúað fagurgala karlmannanna, og þegar maður er kominn í snöruna er ekki svo hægt að smokra henni af sjer.

En allt kemur fyrir ekki. Ragnhildur tekur engum sönsum og fer í fússi, en Ingibjörg hugsar upphátt:

INGIBJÖRG (*hugsar*): En hvað þessir karlar geta verið samvizkulausir, að telja okkur aumingja stúlkunum trú um að þeir vilji eiga okkur. Mörg stúlka á um sárt að binda, en í raun og veru er þeim það nokkuð sjálfum að kenna, því þær eiga ekki að ímynda sjer að þessir hálærðu spaðagosar vilji eiga sig, okkur aumingja stúlkurnar, sem erum óhæfar til að vera fyrirmannskonur og kunnum lítið af því sem heyrir til stöðunni og þegar þeir nú ofan í kaupíð kalla okkur griðkur, bara af því við þjenum. Það er ekki syndlaust fyrir þá. [...] Hver veit hversu margar stúlkur fá slík brjef einsög við systurnar? Það er ekki ljósonum að því lýst.

Í hugsunum Ingibjargar kemur möguleiki leikhússins upp á yfirborð textans, sviðsljósin sem eiga að lýsa upp líf fátækra kvenna en höfðu ekki gert fram að þeim tíma þegar leikritið var samið.

Meðan þeir ekki kalla mig griðku

Báðar vilja þær systur komast úr þeirri stöðu sem þær eru í. Ingibjörgu býðst starf vinnukonu í húsi amtmannsfrúarinnar fyrir allt

að 30 ríkisdöllum í árslaun, „fyrir utan sportlur, svo sem nýársgjöf og sumargjöf“, þar sem hún sé þekkt fyrir að vera „dugleg við saumaskap og ullarvinnu“. En þessu tilboði hafnar hún vegna móður sinnar sem hún vill ekki yfirgefa. Hún leggur því til að Ragnhildur fái vinnukonustarfið, en til þess reynist hún ekki hæf. Í eftirfarandi samtali lýsir hún fyrir systurinni þjónustustarfinu í veitingahúsinu, í hverju það felst og hvers af henni er þar krafist:

RAGNHILDUR: Jeg má til að vera vel klædd. Madaman vill ekki hafa annað; hún segist ekki vilja, að útlendingar sjái þjónustufólk sitt illa búíð. Þú ættir bara að sjá hann Mogens, hann er sífellt á nýjum fötum, með flibba og kraga og manchettur fram á hendur; jeg get þó ekki verið ver búin en hann, það væri allt of mikill munur að sjá okkur.

INGIBJÖRG: Svo það er ekki fyrir aumingjana að þjena hjá henni.

RAGNHILDUR: Það held jeg ekki. – Jeg hef líka tekið eptir því, að það er svo hver kvaddur sem hann er klæddur; þegar jeg er vel búin, þá kalla herrarnir mig oftar „Jómfrú góð“, en þegar jeg hef verið í ljótum fötum.

INGIBJÖRG: Og nær hefur það verið?

RAGNHILDUR: Þegar jeg hef verið að hreinsa herbergin; þau eru ekki ætíð vel út lítandi, þegar herrarnir yfirgefa þau; öll flóa þau stundum út þröskuldanna á milli í öli, toddy, sherry og spýju. Þetta má jeg þrifa upp á morgnana.

INGIBJÖRG: Jeg held að þú krítir liðugt. Skárra væri það fylleríð.

RAGNHILDUR: En gættu að. Það steypist svo mörg flaskan niður, og hvort heldur þú að það fari nema á gólfið. Sumir eru óvanir við vínföngin, en eru að læra að verða eins og hinir, þeim verður þá snögglega illt og þeir kasta upp, og svona gengur það til, og ekki get jeg verið í góðum fötum meðan á þessum hreinsingum stendur, enda kalla þeir sem sjá mig svona búna, fyrirlitlega til mín, og mjer þykir gott, meðan þeir ekki kalla mig griðku.

INGIBJÖRG: Og mjer þykir þú meta of mikið þeirra svo kölluðu kompliment; mjer fyrir mitt leyti stæði á sama, hvort þeir kölluðu mig Jómfrú góð eða griðku.

RAGNHILDUR: Ekki er jeg þjer samdóma í því. En hvernig ertu? Það er eins og það liggi illa á þjer. Jeg sje að þú hefur hreyft upp á þjer. Það er eins og þú sjert að búast við biðlinum þínum, og sjert óróleg af því að hann kemur ekki eins fljótt og þú vildir.

INGIBJÖRG: Vertu ekki að þessu við mig. Jeg hugsa um enga biðla, það kemur annað daglega fyrir mig en að hugsa um karlmennina.

RAGNHILDUR: Sá er munurinn, að jeg hugsa um þá, og jeg þakka mínum fallegu fötum lukku mína. Ef jeg hefði sífelld verið í ljótum görmum, þá væri ekki komið fyrir mjer eins og er. Karlmennirnir fælast okkur, þegar við erum illa búnar.

Ragnhildur þakkar útleti sínu og fötum fyrir þjónustustarfið á veitingahúsinu sem hún fær betur borgað, m.a. í drykkjupeningum, en Ingibjörg fær fyrir saumaskapinn. Báðar þjóna þær körlum, Ragnhildur með því að þrifa upp eftir þá spýjuna og Ingibjörg með því að gera við og sauma skyrturnar þeirra. Þetta gera þær við lítið þakklæti eins og nafngiftirnar bera með sér. Ragnhildur sér framtíð sína í biðlum sem Ingibjörg þykist ekki hafa áhuga á, en hefur samt, enda var hjónaband eina vonin um sæmilega framtíð fyrir konur á því tímabili sem leikritið lýsir, og jafnvel þótt það væri með drykkfelldum presti. Úr þessum vanda stúlkanna og lágri stöðu rætist skyndilega með *deus ex machina*, aðkomumanninum dularfulla, nokkuð sem reyndar getur aðeins gerst í leikriti.

Hastarleg gleði

Eitt af því gleðilega í leiknum er brennivínsdauði Ásbjarnar sem allir fagna og kemur sér afar vel, því að aðkomumaðurinn sem Margrét sá í svip án þess að átta sig á hver var, og mikið er látið með í leiknum, er fyrri eiginmaður hennar, kominn vellauðugur frá Ameríku til að sækja hana og löngu uppkomin börnin. Hann fer í fyrstu huldu höfði en í þriðja þætti sem fer fram í húsi þeirra herra Páls og madömu hans, ljóstrar hann upp hver hann er og segir sögu sína. Hann hafði þá nefnilega ekki drukknað fyrir tíu árum eins og menn héldu heldur verið bjargað á rúmsjó upp í skip á leið til Ameríku. Þar hafði hann eftir alls kyns hrakninga lent hjá gömlum hjónum sem svo heppilega vildi til að höfðu nýlega misst einkason sinn. Þau tóku hann að sér og arfleiddu hann að miklu ríkidæmi. En ekki er nóg með að hann komi þarna sjálfur, vellauðugur með vasana fulla af gullpeningum, heldur kemur það á daginn að hann er kominn í beinan karllegg af Lofti ríka. Hann biður um að fá að sjá konu sína en fær ekki, þar sem hún er ekki talin þola „svo hastarlega gleði“.

Enn máttvana eftir svipinn sem hún hafði séð er hún flutt í „afsiðis herbergi“ í húsi þeirra herra Páls, „þangað sem enginn kemur“, og leiknum lýkur án þess að þau hjónaleysin sjáist nokkurn tímann eða hún fái að vita að eiginmaðurinn sé á lífi og kominn aftur til að sækja hana. Sú mikla gleði sem endurkoman vekur á því tæpast við um hana. Að mati Ingibjargar er móðirin heldur ekki sýningarhæf, og því ekki ástæða til að beina ljósunum að henni. Þegar aðkomumaðurinn harmar að hafa ekki þekkt konu sína, þar sem hann sat á hestbaki á leiðinni í veitingahúsið og hún sá hann í svip, fær hann þessa lýsingu:

INGIBJÖRG: Þó að þú hefðir séð hana, hefðir þú ekki þekkt hana; hennar útlit er orðið svo umbreytt af sorg, af fátækt, af illri meðferð.

Sama segir bróðirinn Ísleifur sem þannig heilsar systur sinni, sem hann hefur ekki séð í tuttugu ár eða síðan hún giftist „aðkomumanninum“, þá venjulegum sveitabónda, í óleyfi hans:

ÍSLEIFUR: Er þetta hún Margrjet, systir mín? Hamingjan góða hjálpi mjer! Hvaða skelfing umbreyting! Jeg þarf ekki að spyrja þig að hvernig þjer líði, því jeg sje það, þú sýnist 20 árum eldri en þú ert, eintómur sorgar-svipur, ekkert bros sjest nú á þínum fyrri fögru, rjóðu kinnum; þín fannhvíta húð er orðin gulleit; þín fögru augu eru hálfbrostin. Hamingjan hjálpi mér!

Margrét er sem sagt tekin úr umferð, en Ingibjörg hins vegar játaast umsvifalaust Jóhanni þegar hún kemst að því að hún sjálf er orðin rík. „Hvílík lukka,“ segir Jóhann, en ekki er alveg ljóst hvort hann á við peningana eða Ingibjörgu, og ákveður að fara með henni og þeim systur til föðursins og „velgjörðaforeldra“ hans í Ameríku og læra læknisfræðina þar í stað Kaupmannahafnar. Þetta líkar reyndar ekki móður hans, madömu Pál, þar sem Ameríka er svo langt í burtu. Vandræðasonurinn Jón tekur meira að segja snöggum sinnaskiptum þegar hann fréttir af öllum gullpeningum hins endurheimta föður. Lýsingin er írónísk. Hann bregst við orðinu ríkur og segir við sjálfan sig: „Faðir minn ríkur? Hvað á ég að gjöra?“ Að ráði móðurbróðursins Ísleifs krýpur sonurinn við fætur föður sínum, þakkar hamingjunni fyrir að hann skuli kominn og biður fyrirgefningar. Þeir feðgar faðmast.

Sonurinn biður föðurinn fyrirgefningar á því sem hann gerði ekki honum heldur móðurinni sem grét undan honum og þessu óbærilega ástandi. Upp kemst um Jónas Breiðdal sem var þá trúlofaður stúlku, prestdótturinni „jómfrú Kristínu“, og þar með staðfestist að Ingibjörg, hin siðferðilega rödd leikritsins, hafði rétt fyrir sér í þessu sem öðru. Ragnhildur gleðst yfir væntanlegri Ameríkuför og því að geta hætt að vinna á veitingahúsinu og vera kölluð griðka. Vegna ríkidæmisins og ættfærslunnar til Lofts ríka hækka þær Ingibjörg og Ragnhildur í samfélagsstiganum. Þegar inspektor Lærða skólans, sem er þarna staddur í stofu herra Páls til að ráða vandamálið með Jón, heyrir þetta breytist skoðun hans á þeim systurum snarlega og hann segir: „Þið systurnar eruð þá frökenar. Jeg gratúlera.“

Í lokin hefur leikurinn færst frá móðurinni Margréti sem beinlínis hverfur í leikritinu til föðursins sem áður hvarf en kom aftur. Það gerir hann í öllu sínu veldi, þ.e.a.s. í táknrænum skilningi sem feðraveldið sjálft, ríkt en örlátt. Í þessu felst m.a. boðskapur verksins. Þeir sem eru ríkir eiga að gefa fátækum og uppskera fyrir það þakklæti. Í leikritinu er mikið verið að þakka velgjörðamönnum fyrir ölmusu. Aðalvelgjörðamaðurinn, fyrir utan föðurinn í lokin, er madama Pál sem í fjarveru hans hefur bókstaflega haldið lífinu í konu hans og börnum og á sjálf tvo velheppnaða syni, prest og tilvonandi lækni. Hún uppsker ekki bara margfalt þakklæti frá föðurnum heldur einnig laun í kvenlegu skarti, dýrum demantshring með þremur steinum sem aðkomumaður dregur af fingri sér. Gjöfinni fylgja eftirfarandi orð:

AÐKOMUMAÐUR: Lofið þjer mér að þakka yður fyrir alla þá elsku-semi, sem þjer hafið sýnt konu minni og börnum. Þjer eruð velgjörðamaður aumingjanna.

Þannig er madama Pál hetja leiksins. Um leið er hægt að tala um sigur raunsæisins í þessu fyrsta Reykjavíkurleikriti og því elsta sem varðveist hefur eftir íslenska konu. Það sýnir það sem ekki var áður sýnt. Ljósunum á leiksviðinu er beint að stöðu fátækra kvenna í Reykjavík á því tímabili sem það er skrifað, stéttskiptingu samfélagsins, drykkjuskap og heimilisofbeldi auk annarrar misnotkunar

á konum og kúgandi orðræðu samfélagsins um þær. Það íróníska er að þetta leikrit sem átti að lýsa með ljósum var aldrei sett á svið, heldur falið baksviðs eins og móðirin Margrét, þaggaður texti eins og hún sem var skipað að þegja. Þá var varðveisla leikritsins einnig tæp. Það er aðeins til í einni afskrift, án höfundarnafns, afriti af eiginhandarriti, og því ef til vill að einhverju leyti ritskoðað. Biskupsfrúin var nefnilega ekki eins og fólk er flest. Það verður einnig að telja írónískt við alla gleðina í leikslok að sú mikla gleði sem fjölskyldan á í vændum með endurkomu hins ríka föður getur ekki átt sér stað í Reykjavík, og ekki einu sinni á Íslandi, heldur í Ameríku, því útlandi sem var eins langt í burtu og þá var hægt að komast.

Heimildir

Óprentaðar heimildir

Landsbókasafn-Háskólabókasafn, handritadeild. Steingrímur Thorsteinsson. „Ekki er allt sem sýnist.“ *Lbs* 1897 8vo.

Landsbókasafn-Háskólabókasafn, handritadeild. Bréfasafn Jóns Sigurðssonar alþingismanns, Gautlöndum. *Lbs* 2748 4to.

Landsbókasafn-Háskólabókasafn, handritadeild. Bréfasafn Eiríks Magnússonar. *Lbs* 2193 4to 15 b.

Þjóðminjasafn Íslands. Minjasafn prófessors Þorvalds Thoroddsen og frú Þóru Thoroddsen. Þóra Thoroddsen, „Fröken Skagalín.“ *Þjms* Þ og ÞTh 287.

Þjóðminjasafn Íslands. Minjasafn prófessors Þorvalds Thoroddsen og frú Þóru Thoroddsen. Sigríður Bogadóttir. „Gleðilegur afmælisdagur.“ *Þjms* Þ og ÞTh 288 a,b,c.

Prentaðar heimildir

Benedikt Gröndal. 1932. „Ferðasaga heimanað til Halldórs Þórðarsonar.“ *Ýmislegt: Fyrirlestur, leikur, ferðasaga* (bls. 105–137). Reykjavík: Bókaverslun Þorsteins Gíslasonar.

Brandes, Georg. 1872. *Hovedstrømninger i det 19de Aarhundredes Litteratur: Forelesninger holdte ved Kjøbenhavns Universitet i Efteraarshalvaaret 1871.* Fyrsta bindi. Kjøbenhavn: Gyldendal.

Einar Laxness. 1998. *Íslandssaga a-b.* Reykjavík: Vaka-Helgafell.

Fálkinn. 1939. „Gamli kunningjar.“ *Fálkinn*, 15. september.

Finnur Sigmundsson. 1961. *Konur skrifa bréf. Sendibréf 1797–1907.* Reykjavík: Bókfellsútgefán.

Frjettir frá Íslandi. 1874. [Án titils]. „Frjettir frá Íslandi 1873.“

Guðjón Friðriksson. 1988. „Svinastían: Alræmd drykkjubúla í Reykjavík.“ *Lesbók Morgunblaðsins*, 7. maí.

- Guðjón Friðriksson. 1991. *Saga Reykjavíkur: Bæinn vaknar. 1870–1940*. Fyrri hluti. Reykjavík: Iðunn.
- Guðjón Friðriksson. 2011. „Jón Sigurðsson 1811–2011.“ *Andvari* 136 (1): 11–27.
- Göngu-Hrólfur. 1873. „Gleðileikar í Reykjavík.“ *Göngu-Hrólfur*, 1. janúar.
- Hagskinna: Sögulegar hagtolur um Ísland*. 1997. Ritstj. Guðmundur Jónsson og Magnús S. Magnússon. Reykjavík: Hagstofa Íslands.
- Helga Kress. 2001. *Júliana Jónsdóttir. Vig Kjartans Ólafssonar. Sorgarleikur í einum þætti*. Helga Kress bjó til prentunar og ritar inngang. Hafnarfirði: Söguspekingastifti.
- Helga Kress. 2001. „‘Sökum þess ég er kona.’ Vig Kjartans Ólafssonar og upphaf leikritunar íslenskra kvenna.“ *Júliana Jónsdóttir. Vig Kjartans Ólafssonar. Sorgarleikur í einum þætti* (bls. 7–33). Helga Kress bjó til prentunar og ritar inngang. Hafnarfirði: Söguspekingastifti. Endurpr. í Helga Kress. 2009. *Óþarfar unnustur og aðrar greinar um íslenskar bókmenntir* (bls. 126–146). Reykjavík: Bókmennta- og listfræðastofnun Háskóla Íslands.
- Helgi Skúli Kjartansson. 1991. „Fólksflutningar til Reykjavíkur 1850–1930.“ *Reykjavík í 1100 ár: Safn til sögu Reykjavíkur* (bls. 255–284). Helgi Þorláksson sá um útgáfuna. Reykjavík: Sögufélag.
- Hugtök og heiti í bókmenntafræði*. 1883. Ritstj. Jakob Benediktsson. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, Menningarsjóður.
- Indriði Einarsson. 1872. *Nýársnóttin: Sjónarleikur í þremur sýningum*. Akureyri: B.M. Stephánsson.
- Indriði Einarsson. 1936. *Sjeð og lifað: Endurminningar*. Reykjavík: Bókaverzlun Sígúsar Eymundssonar.
- Ísafold. 1903. [Án titils]. *Ísafold*, 18. apríl.
- Ísafold. 1915. „Mesti eldsvoði á Íslandi.“ *Ísafold*, 29. apríl.
- Jón Helgason biskup. 1941. *Peir, sem settu svip á bæinn: Endurminningar frá Reykjavík uppvaxtarára minna*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja.
- Jón A. Hjaltalín. 1872. „Um ýmsa drykki.“ *Heilbrigðis-tíðindi samin og kostuð af Dr. Jóni Hjaltalín* 2 (1–2): 1–14.
- Jón Ólafsson. 1870. „Íslendingabragur.“ *Baldur*, 19. mars.
- Jón Ólafsson. 1873. „Íslendingahvöt.“ *Göngu-Hrólfur*, 14. júlí.
- Klemens Jónsson. 1927. „Bæjarbragur í Reykjavík kringum 1870.“ *Skírnir* 101 (1): 62–75.
- Klemens Jónsson. 1929. *Saga Reykjavíkur*. Síðara bindi. Reykjavík: Steindór Gunnarsson.
- Lárus Sigurbjörnsson. 1946. „Íslenzk leikrit 1645–1946. Frumsamin og þýdd.“ *Landsbókasafn Íslands. Árbók 1945*, 2 (bls. 60–114). Reykjavík: Landsbókasafn Íslands.
- Lárus Sigurbjörnsson. 1948. „Íslenzk leikritun eftir 1874.“ *Almanak Hins íslenska þjóðvínafélags um árið 1949* (bls. 87–117). Reykjavík: Menningarsjóður.
- Matthías Jochumsson. 1864. *Útilegumennirnir: Leikur í fimm þáttum*. Reykjavík: [s.n.].
- Matthías Jochumsson. 1904. „Frú Sigríður Bogadóttir.“ *Þjóðólfur*, 19. febrúar.

- Norðri. 1872. [Án titils]. Undirritað Arnljótur Ólafsson. *Norðri*, 28. febrúar.
- Páll Baldvin Baldvinsson. 1983. „Vaudeville.“ *Hugtök og heiti í bókmenntafræði*. Ritstj. Jakob Benediktsson. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands og Mál og menning.
- Skýrslur um landsbagi á Íslandi*. 1870. 4. bindi. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Steingrímur J. Þorsteinsson. 1943. *Upphaf leikritunar á Íslandi*. Reykjavík: [Hið íslenska bókmenntafélag].
- Sveinn Einarsson. 1991a. *Íslensk leiklist. I: Ræturnar*. Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs.
- Sveinn Einarsson. 1991b. „Ekki er allt sem sýnist: Um leikskáldið Steingrím Þorsteinsson.“ *Skírnir* 165 (2): 387–395.
- Sveinn Einarsson. 2011. „Um nafnlaus leikrit og fleira í þeim dúr.“ *Andvari* 136 (2): 155–161.
- Trausti Ólafsson. 2010. „Nýársnóttin: Gleðileikur um frelsisbaráttu þjóðar.“ *Skírnir* 184 (2): 343–379.
- Þjóðólfr. 1860. [Án titils]. *Þjóðólfr*, 27. október.
- Þjóðólfr. 1860. „Guðmundur Kíkir, þjófrinn, og sýsluvaldið í Gullbringu- og Kjósarsýslu 1860.“ *Þjóðólfr*, 18. september.
- Þjóðólfr. 1866. [Án titils]. *Þjóðólfr*, 13. janúar.
- Þjóðólfr. 1866. [Án titils]. *Þjóðólfr*, 13. febrúar.
- Þjóðólfr. 1873. [Án titils]. *Þjóðólfr*, 9. apríl.
- Þjóðólfr. 1874. „Sjónleikir.“ *Þjóðólfr*, 7. janúar.
- Þjóðólfr. 1876. [Án titils]. *Þjóðólfr*, 11. mars. Auglýsing.
- Þjóðólfr. 1880. „Styrktarsjóður handa vinnukonum.“ *Þjóðólfr*, 18. júní.
- Þjóðólfr. 1892. [Án titils]. *Þjóðólfr*, 20. maí.
- Þjóðólfr. 1903. [Án titils]. *Þjóðólfr*, 3. apríl.
- Þjóðviljinn. 1903. [Án titils]. *Þjóðviljinn*, 11. apríl.
- Þorvaldur Thoroddsen. 1908. *Æfisaga Pjeturs Pjeturssonar dr. theol., biskups yfir Íslandi*. Reykjavík: Sigurður Kristjánsson og Þorvaldur Thoroddsen.
- Þorvaldur Thoroddsen. 1923. *Minningabók*, 2. bindi. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafélag.

Greinin er að stofni til samnefndur fyrirlestur sem ég hélt í fyrirlestraröðinni Konur í Reykjavík á 19. öld í Minjasafni Reykjavíkur, Landnámssýningunni við Adalstræti, 15. mars 2011. Ég þakka öllum þeim mörgu sem hafa bent mér á heimildir og aðstoðad mig við heimildaleit. Sérstakar þakkir fer starfsfólk handritadeildar og þjóðdeildar Landbókasafns fyrir einstaka fagmennsku, velvild og greiðvikni.